

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Mjer hefir vist sem jeg mundi vera einn i allsherjarnefnd um að mæla með því, að frv. þetta verði samþykkt.

Hefir álots bæjarstjórnar verið leitað, og hefir hún samþykkt tillögu, sem mjer virðist gera það óhjákvæmilegt að láta frv. verða að lögum. Leyfi jeg mjer því að prenta hjer á eftir útdrátt úr gerðabók bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, sem Alþingi hefir borist í staðfestu eftirriti og jeg tel vera bestu meðmælið með frv.:

»Útskrift úr gerðabók bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar«.

Ár 1924, þriðjudaginn þann 25. mars, átti bæjarstjórnin aukafund með sjer á skrifstofu bæjarstjóra. Var honum stýrt af bæjarstjóra Magnúsi Jónssyni. Fjarverandi var Aug. Flygenring.

Á fundinum gerðist það, sem hjer segir:

1. Bæjarstjórninni hafði borist til umsagnar frá allsherjarnefnd Nd. Alþingis framvarp til laga um breyting á löggjöf kaupstaðarins, að viðhafa hlutfallskosningu við nefndarkosningar.

Kom fram tillaga svo hljóðandi:

»Bæjarstjórnin samþykkir að beiðast þess af hinu háa Alþingi, að það gefi út lög um hlutfallskosningu nefnda innan bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, sem sje í samræmi við framvarp það, er alþingismaður Jón Baldvinsson flytur nú á þinginu«.

Tillaga þessi var feld með 4 atkvæðum gegn 4 atkv.

Því næst var borin upp svo hljóðandi tillaga:

»Bæjarstjórnin litur svo á, að með því að smeygja frumvarpi því, sem hjer liggur fyrir, inn á Alþingi að bæjarstjórninni fornsþurðri, og fyrir milli-göngu þingmanns annars kjördæmis, sje gerð óþörf tilraun til þess að smitta bæjarstjórnina af kosningarig borgaranna og að innleiða þar flokkadrætti og sundrung að ófyrirsynju.

Mælir bæjarstjórnin því eindregið á móti því, að frumvarpið verði að lögum á Alþingi«.

Tillagan samþykkt með 4 atkvæðum gegn 3.

2.

Fundi slitið.

Magnús Jónsson.

Sigurgeir Gíslason. Ólafur Bóðvarsson. Guðm. Jónasson. B. Snæbjörnsson.

Gunnl. Kristmundsson. Guðmundur Helgason. Jón Einarsson. Davið Kristjánsson.

Rjetta útskrift staðfestir.

Bæjarstjórnin í Hafnarfirði hinn 25. mars 1924.

Magnús Jónsson«.

Nú er kosið til bæjarstjórnarinnar í Hafnarfirði með hlutfallskosningum, og það er bygt á þeim rjettláta grundvelli, að minni hlutinn fái með því þann rjett til þátttöku í bæjarmálum, sem atkvæðamagn hans veitir. Á sama grundvelli er þetta frv. bygt, sem veitir minni hlutanum í bæjarstjórninni rjett til, eftir atkvæðamagni, að kjósa menn í nefndir innan bæjarstjórnarinnar og ráða því, hvernig verkum er skift milli þeirra.

Nú hafa verið samþykktar hlutfallskosningar til nefnda innan bæjarstjórnar Reykjavíkur, og fleiri bæjarstjórnir munu nú þegar hafa tekið þær upp.

Engin ástæða er því til, sem hægt er að bera fram gegn frv., síst af öllu mótmæli meiri hluta hlutaðeigandi bæjarstjórnar.

Lögin um hlutfallskosningar til bæjarstjórnna í kaupstöðum heimta beinlínis slík lög sem þessi.

Jeg legg því til, að háttv. deild samþykki frv. óbreytt.

Alþingi, 28. mars 1924.

Jón Baldvinsson,
fundaskrifari.